

Nefndarsvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. mars, 2010

Efni: Umsögn Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991 og um breytingu á lögum um nauðungarsölu nr. 90/1991., mál nr. 392. (Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi.)

I. Almenn

Vísað er til erindis háttvirtar allsherjarnefndar Alþingis dagsett 25. febrúar 2010 þar sem óskað er umsagnar Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991 og um breytingu á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991.


Félagið tekur ekki afstöðu til frumvarpsins að svo stöddu. Félagið bendir hins vegar góðfúslega á að varhugavert getur verið að gera ákveðnum málaflokki hærra undir höfði en öðrum. Þá vill félagið benda á að umrædd niðurstaða frumvarpsins rúmast innan 161. gr. laga um einkamál nr. 91/1991 þar sem fram kemur að Hæstiréttur ákveði hvenær mál verði flutt.

II. Annað

Að lokum áskilur Félagið sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt



Páll Rúnar M. Kristjánsson hdl.
Yfirlögfræðingur Félags atvinnurekenda